



TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga að breytingum á reglum skóla- og frístundasviðs um þjónustu félagsmiðstöðva

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á reglum skóla- og frístundasviðs um þjónustu félagsmiðstöðva Reykjavíkurborgar:

Núgildandi **4. mgr.** almennrar umfjöllunar um félagsmiðstöðvar er svohljóðandi:

Í sértækum félagsmiðstöðvum er boðið upp á frístundastarf fyrir fötluð börn og unglinga. Þar er opið eftir að skóladegi lýkur eða frá kl. 13.40 til kl. 13:40-17:00 alla virka daga og allan daginn í skólafríum. Sjá hér nánari upplýsingar um sértækar félagsmiðstöðvar í Reykjavík.

Lagt er til að **4. mgr.** almennrar umfjöllunar um félagsmiðstöðvar verði svohljóðandi:

Í sértækum félagsmiðstöðvum er boðið upp á frístundastarf fyrir fötluð börn og unglinga. Þar er opið eftir að skóladegi lýkur til kl. 17:00 alla virka daga og allan daginn í skólafríum. Sjá hér nánari upplýsingar um sértækar félagsmiðstöðvar í Reykjavík.

Núgildandi **3. mgr. 1.b.** er svohljóðandi:

Sértækar félagsmiðstöðvar eru opnar yfir vetrartímann frá kl. 13:40 til kl. 17:00. Á skóladagatali grunnskóla koma fram allir frídagar og óhefðbundnir skóladagar og er opnunartími að miklu leyti skipulagður út frá því.

Lagt er til að orðalag **3. mgr. 1.b.** verði svohljóðandi:

Sértækar félagsmiðstöðvar eru opnar yfir vetrartímann *frá því að skóladegi lýkur* til kl. 17:00. Á skóladagatali grunnskóla koma fram allir frídagar og óhefðbundnir skóladagar og er opnunartími að miklu leyti skipulagður út frá því.

Núgildandi **7. mgr. í gr. 1.b** eru svohljóðandi:

Á sumrin er boðið upp á sumarstarf í sértæku félagsmiðstöðvastarfi frá kl. 09:00-16:00 en einnig má fá viðbótarþjónustu frá kl. 08:00-09:00 og frá kl. 16:00-17:00 sem greitt er fyrir sérstaklega. Leitast er við að samræma sumarstarf sértækra félagsmiðstöðva við annað sumarstarf fyrir börn í hverju hverfi. Sérstök gjaldskrá gildir í sumarstarfinu. Sértækar félagsmiðstöðvar eru lokaðar í þrjár vikur yfir sumartímann, fyrir utan Öskju en þar er opið allt sumarið. Sú meginregla gildir þar að hvert barn skal fá tveggja vikna sumarfrí hið minnsta en þó er hægt að sækja um undanþágu frá þeirri reglu við sérstakar aðstæður þegar saman fer að þjónustupörf er mikil, vandi samþættur og mikið álag í félagsumhverfi barnsins.



Lagt er til að orðalag **7. mgr. í gr. 1.b** verði svohljóðandi:

Á sumrin er boðið upp á sumarstarf í sértæku félagsmiðstöðvastarfi frá kl. 8:30-16:30. Leitast er við að samræma sumarstarf sértækra félagsmiðstöðva við annað sumarstarf fyrir börn í hverju hverfi. Sérstök gjaldskrá gildir í sumarstarfinu. Sértækar félagsmiðstöðvar eru lokaðar í fjórar vikur yfir sumartímann, fyrir utan Óskju en þar er opið allt sumarið. Sú meginregla gildir þar að hvert barn skal fá tveggja vikna sumarfrí hið minnsta en þó er hægt að sækja um undanþágu frá þeirri reglu við sérstakar aðstæður þegar saman fer að þjónustuþörf er mikil, vandi samþættur og mikið álag í félagsumhverfi barnsins.

Núgildandi **4. mgr. 2. gr.** er svohljóðandi:

Börn sem þurfa á sértækum stuðningi að halda m.a. vegna fötlunar og/eða þroskafrávika og eru ekki í umönnunarflokki 1-3 sbr. skilgreiningu Tryggingarstofnunar geta fengið þjónustu frá sértækri félagsmiðstöð að undangenginni samþykkt úthlutunarteymis þekkingarmiðstöðvar í málefnum fatlaðra barna á frístundahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs. Forstöðumenn skila einstaklingsáætlun fyrir sérhvert barn sem nýtur stuðnings til þekkingarmiðstöðvar, sem unnin er í samvinnu við foreldra, deildarstjóra unglingastarfs viðkomandi frístundamiðstöðvar og samstarfsaðila hverju sinni.

Lag er til að orðalagi **4. mgr. 2. gr.** verði svohljóðandi:

Börn sem þurfa á sértækum stuðningi að halda m.a. vegna fötlunar og/eða þroskafrávika og eru ekki í umönnunarflokki 1-3 sbr. skilgreiningu Tryggingarstofnunar geta fengið þjónustu frá sértækri félagsmiðstöð að undangenginni samþykkt úthlutunarteymis þekkingarmiðstöðvar í málefnum fatlaðra barna á frístundahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs. *Starfsfólk félagsmiðstöðva hefur einnig skyldur skv. lögum nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.* Forstöðumenn skila einstaklingsáætlun fyrir sérhvert barn sem nýtur stuðnings til þekkingarmiðstöðvar, sem unnin er í samvinnu við barn, foreldra, deildarstjóra unglingastarfs viðkomandi frístundamiðstöðvar og samstarfsaðila hverju sinni.

Núgildandi **3. mgr. 6.b.** er svohljóðandi:

Ef systkini, tvö eða fleiri, dvelja í sértækum félagsmiðstöðvum og/eða í frístundaheimilum skóla- og frístundasviðs eða eru í vistun í leikskólum borgarinnar er veittur 100% afsláttur af dvalargjaldi vegna systkina fyrir sama fjölda daga/stunda og yngra/yngrsta barnsins fyrir eldra/eldri systkini sem eru með sama lögheimili og fjölskyldunúmer í þjóðskrá. Foreldrar skulu alltaf greiða gjald vegna yngsta barns. Það sama gildir ef skóla- og frístundasvið greiðir framlag vegna systkinis/systkina í sjálfstætt reknium leikskóla eða til dagforeldris eða greitt er framlag til sjálfstætt rekens grunnskóla vegna reksturs frístundaheimilis samkvæmt samningi þar um. Skilyrði fyrir afslætti er að öll börnin séu með sama fjölskyldunúmer/lögheimili í þjóðskrá. Foreldrar greiða fullt gjald fyrir síðdegishressingu allra barnanna og fullt gjald vegna skráningar á langa daga.

Lagt er til að orðalag **3. mgr. 6.b.** verði svohljóðandi:

Ef systkini, tvö eða fleiri, dvelja í sértækum félagsmiðstöðvum og/eða í frístundaheimilum skóla- og frístundasviðs eða eru í vistun í leikskólum borgarinnar er veittur 100% *systkina*afsláttur af dvalargjaldi *eldra systkinis/eldri systkina*. *Í þeim tilvikum er miðað við sama fjölda daga/stunda og hjá yngra/yngrsta barni.* Foreldrar skulu alltaf greiða gjald vegna yngsta barns. Það sama gildir ef skóla- og frístundasvið greiðir framlag vegna systkinis/systkina í sjálfstætt reknium leikskóla eða til dagforeldris eða greitt er framlag til sjálfstætt rekens grunnskóla vegna reksturs frístundaheimilis samkvæmt samningi þar um. *Foreldrar greiða mest fæðisgjöld fyrir tvö börn, þvert á skólastig, greitt er fyrir þau yngstu fyrst en eldri njóta afsláttar. Greitt er fullt gjald vegna*



skráningar á langa daga. Skilyrði fyrir afslætti er að öll börnin séu með sama lögheimili/lögheimilistengsl í þjóðskrá.

Lagt er til að til verði ný 4. mgr. í gr. 6.b sem verði svohljóðandi:

Börnum í 5. -10. bekk sem uppfylla skilyrði til skráningar í sértækar félagsmiðstöðvar, hafa flutt til Íslands á síðustu 12 mánuðum, eru ekki fædd á Íslandi og eru með annað móðurmál en íslensku stendur til boða þriggja mánaða gjaldfrjáls dvöl í sértækri félagsmiðstöð. Ekki þarf að greiða fyrir síðdegishressingu en greiða verður fyrir viðbótarþjónustu á löngum dögum. Dvölin þessa þrjá mánuði þarf að vera samfelld, ef sumarmánuðir koma á milli getur gjaldfrjáls þjónustan haldið áfram næsta vetur þar til þrem mánuðum er náð. Sótt er um þennan afslátt á þar til gerðu eyðublaði. Skóla- og frístundasvið getur óskað eftir frekari staðfestingu á ofangreindum skilyrðum s.s. með undirritaðri staðfestingu þess efnis.

Núgildandi **4. mgr. 6.b.** er svohljóðandi:

Afsláttur samkvæmt reglum þessum er veittur, að öllum skilyrðum uppfylltum, til þess foreldris sem samkvæmt þjóðskrá hefur sama lögheimili og fjölskyldunúmer og barn í sértækri félagsmiðstöð.

Lagt er til að gerð verði breyting á **4. mgr. 6.b., ákvæðið breytist í 5. mgr. 6.b.** og verði svohljóðandi:

Afsláttur samkvæmt reglum þessum er veittur, að öllum skilyrðum uppfylltum, til þess foreldris sem samkvæmt þjóðskrá hefur sama lögheimili og *lögheimilistengsl* og barn í sértækri félagsmiðstöð.

Núgildandi **2. mgr. 6.c.** er svohljóðandi:

Í sumarstarfi sértæka félagsmiðstöðvastarfsins er greitt grunngjald frá kl. 09:00-16:00. Greitt er sérstaklega fyrir tímamann frá kl. 08:00-9:00 og frá kl. 16:00-17:00. Skráð er fyrir viku í senn og greitt vikugjald sem innheimt er mánaðarlega. Ekki er boðið upp á síðdegishressingu í sumarstarfinu og þurfa börnin því að taka með sér nesti að heiman nema annað sé tekið fram. Gjaldið er skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs á hverjum tíma á vefsíðu sviðsins, www.skolarogfristund.is.

Lagt er til að orðalag **2. mgr. 6.c.** verði svohljóðandi:

Í sumarstarfi sértæka félagsmiðstöðvastarfsins er greitt grunngjald frá kl. 08:30-16:30. Skráð er fyrir viku í senn og greitt vikugjald sem innheimt er mánaðarlega. Ekki er boðið upp á síðdegishressingu í sumarstarfinu og þurfa börnin því að taka með sér nesti að heiman nema annað sé tekið fram. Gjaldið er skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs á hverjum tíma á vefsíðu sviðsins, www.reykjavik.is.

Lagt er til að til verði ný 4. mgr. í 6.c. sem verði svohljóðandi:

Gjaldtaka í sumarstarfi sértækra félagsmiðstöðva fellur niður þær vikur sem unglingar í 8.-10. bekk eru skráðir í Vinnuskóla Reykjavíkur.

Núgildandi yfirheiti **6.d.** er svohljóðandi:

6.d Afsláttur af námskeiðsgjaldi í sumarstarfi sértækra félagsmiðstöðva.



Lagt er til að yfirheiti **6.d** verði svohljóðandi:

6.d Afsláttur af námskeiðsgjaldi í sumarstarfi félagsmiðstöðva.

Núgildandi **1. mgr. 6.d.** er svohljóðandi:

Veittur er 20% systkinaafsláttur án umsóknar af fullu gjaldi vegna systkina sem eru með sama lögheimili og fjölskyldunúmer í þjóðskrá og eru í sumarfrístund á vegum skóla- og frístundasviðs í sama mánuði. Afslátturinn reiknast af fullu gjaldi eldra barnsins. Ekki er veittur systkinaafsláttur af sumarsmiðjum eða viðbótarstund.

Lagt er til að orðalag **1. mgr. 6.d.** verði svohljóðandi:

Veittur er 20% systkinaafsláttur án umsóknar af fullu gjaldi vegna systkina sem eru með sama lögheimili og *lögheimilistengsl* í þjóðskrá og eru í sumarfrístund á vegum skóla- og frístundasviðs í sama mánuði. Afslátturinn reiknast af fullu gjaldi eldra barnsins. Ekki er veittur systkinaafsláttur af sumarsmiðjum.

Núgildandi **2. mgr. 6.d** er svohljóðandi:

Frístundakort er ekki hægt að nota til greiðslu námskeiðsgjalds í sértæku félagsmiðstöðvastarfi yfir sumartímann.

Lagt er til að orðalag **2. mgr. 6.d** verði svohljóðandi:

Frístundakort er ekki hægt að nota til greiðslu námskeiðsgjalds í félagsmiðstöðvastarfi yfir sumartímann.

Núgildandi **3. mgr. 6.d.** er svohljóðandi:

Ef foreldrar eru af erlendum uppruna og eiga lögheimili í Reykjavík (annað foreldri eða báðir) og barnið hefur búið á Íslandi skemur en tvö ár, eru þrjár vikur án endurgjalds fyrir sumarstarf gegn umsókn þar um. Sótt er um skriflega til viðkomandi frístundamiðstöðvar. Þessi afsláttur gildir ekki fyrir börn sem eru með lögheimili erlendis og koma tímabundið hingað til lands yfir sumarmánuðina.

Lagt er til að orðalag **3. mgr. 6.d.** verði svohljóðandi:

Börnum í 5.-10. bekk sem hafa flutt til Íslands á síðustu 12 mánuðum, eru ekki fædd á Íslandi og eru með annað móðurmál en íslensku stendur til boða að taka þátt í sumarstarfi í þrjár vikur án endurgjalds að uppfylltum skilyrðum 2. gr. Þessi afsláttur gildir ekki fyrir börn sem eru með lögheimili erlendis og koma tímabundið hingað til lands yfir sumarmánuðina. Sótt er um þennan afslátt á þar til gerðu eyðublaði. Skóla- og frístundasvið getur óskað eftir frekari staðfestingu á ofangreindum skilyrðum s.s. með undirritaðri staðfestingu þess efnis.

Núgildandi **1. mgr. í gr. 9** er svohljóðandi:

Börn sem þurfa á sértækum stuðningi að halda m.a. vegna fötlunar og/eða proskafrávika í almennri eða sértækri félagsmiðstöð fá þá þjónustu að undangenginni samþykkt úthlutunarteymis þekkingarmiðstöðvar í málefnum fatlaðra barna á frístundahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs. Uppfylla þarf gr. 2 í þessum reglum ef taka á þátt í starfi sértækra félagsmiðstöðva. Forstöðumenn skila einstaklingsáætlun



fyrir sérhvert barn sem nýtur stuðnings til þekkingarmiðstöðvar, sem unnin er í samvinnu við foreldra, deildarstjóra unglingastarfs viðkomandi frístundamiðstöðvar og samstarfsaðila hverju sinni.

Lagt er til að orðalag **1. mgr. í gr. 9** verði svohljóðandi:

Börn sem þurfa á sértækum stuðningi að halda m.a. vegna fötlunar og/eða proskafrávika í almennri eða sértækri félagsmiðstöð fá þá þjónustu að undangenginni samþykkt úthlutunarteymis þekkingarmiðstöðvar í málefnum fatlaðra barna á frístundahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs. Uppfylla þarf gr. 2 í þessum reglum ef taka á þátt í starfi sértækra félagsmiðstöðva. *Starfsfólk félagsmiðstöðva hefur einnig skyldur skv. lögum nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.* Forstöðumenn skila einstaklingsáætlun fyrir sérhvert barn sem nýtur stuðnings til þekkingarmiðstöðvar, sem unnin er í samvinnu við barn, foreldra, deildarstjóra unglingastarfs viðkomandi frístundamiðstöðvar og samstarfsaðila hverju sinni.

Núgildandi **10. gr.** er svohljóðandi:

Skóla- og frístundasvið leigir af skrifstofu eigna og atvinnuþróunar (SEA) sérrými félagsmiðstöðvar í grunnskólum, þar sem það á við, svo og hlutdeild í rýmum sem samnýt eru með grunnskóla.

Þar sem félagsmiðstöð er staðsett utan grunnskóla sér SEA um að útvega annað viðeigandi húsnæði.

Lagt er til að orðalag **10. gr.** verði svohljóðandi:

Skóla- og frístundasvið leigir af *fjármála- og áhættustýringarsviði* sérrými félagsmiðstöðvar í grunnskólum, þar sem það á við, svo og hlutdeild í rýmum sem samnýt eru með grunnskóla.

Þar sem félagsmiðstöð er staðsett utan grunnskóla sér *fjármála- og áhættustýringarsvið* um að útvega annað viðeigandi húsnæði.

Núgildandi **2. mgr. í 11. gr.** er svohljóðandi:

Gagnkvæmt upplýsingastreymi skal vera á milli grunnskóla og félagsmiðstöðvar og reglulegir fundir og vel skilgreint samstarf vegna vinnu með nemendafélögum og unglingaráði. Skóli veitir forstöðumanni félagsmiðstöðvar frístundaaðgang að Mentor. Sá aðgangur er notaður til að koma upplýsingum um félagsmiðstöðvastarfið og annað frístundastarf til foreldra.

Lagt er til að orðalag **2. mgr. í 11. gr.** verði svohljóðandi:

Gagnkvæmt upplýsingastreymi skal vera á milli grunnskóla og félagsmiðstöðvar og reglulegir fundir og vel skilgreint samstarf vegna vinnu með nemendafélögum og unglingaráði. Skóli veitir forstöðumanni félagsmiðstöðvar frístundaaðgang að Mentor. Sá aðgangur er notaður til að koma upplýsingum um félagsmiðstöðvastarfið og annað frístundastarf til foreldra. *Skal framangreint vera til samræmis við lög um grunnskóla nr. 91/2008, lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og lög nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna eftir því sem við á.*

Í ákvæðum 3. mgr. 2. gr., 3. mgr. 4. gr. og 5. mgr. gr. 7.b er orðinu þjónustumiðstöð breytt í miðstöð.

Jafnframt verða gerðar þær breytingar að þar sem vísað er til skolarogfristund.is verður vísað til www.reykjavik.is.

Breytingarnar taki gildi 20. febrúar 2023.



Greinargerð:

Hér er lagt til að gerðar verði breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um þjónustu félagsmiðstöðva. Ekki er gert ráð fyrir kostnaðarauka vegna breytinganna.

Breyting varðandi opnunartíma á veturna:

Gerð er sú breyting að í stað þess að tilgreina upphafstíma opnunartíma sértækra félagsmiðstöðva er miðað við lok skóladags.

Breyting varðandi opnunartíma á sumrin:

Sértækar félagsmiðstöðvar loki allar í fjórar vikur yfir sumarið, nema Askja sem verður áfram opin allt sumarið. Einnig er lagt til að hætt verði að bjóða viðbótarstundir kl. 8-9 og 16-17 í sumarstarfi, en grunnþjónustan verði í 8 klst. daglega í stað 7 klst. og þá frá kl. 8:30-16:30.

Sjá kostnaðarútreikninga hér fyrir neðan.

Breyting vegna laga um samþættingu:

Í ákvæði 1. mgr. 9. gr. er bætt við tilvísun í lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 og skyldur frístundaheimila og starfsfólks þeirra samkvæmt lögnum.

Breyting varðandi fæðisgjald:

Í gr. 6.b, 4. mgr. er lagt til að gerð verði breyting á reglunum til samræmis við breytingar á gjaldskrá Reykjavíkurborgar frá 1. janúar 2021 hvað varðar afslátt af fæðisgjöldum, þar sem foreldrar greiða nú mest fæðisgjöld fyrir tvö börn, þvert á skólastig. Greitt er fyrir þau yngstu fyrst en eldri njóta afsláttar. Áður greiddu foreldrar fullt gjald fyrir síðdegishressingu allra barnanna. Setningin *Skilyrði fyrir afslætti er að öll börnin séu með sama fjölskyldunúmer/lögheimili í þjóðskrá* sem var í 4. mgr. er tekin út þar sem hún kemur fram annars staðar í textanum. Breytingin er nú þegar komin til framkvæmda og því nú þegar gert ráð fyrir þeim auka kostnaði sem breytingin varðandi fæðisgjald leiddi af sér.

Breyting varðandi gjaldfrjálsa dvöl:

Lagt er til að sett verði í reglurnar ákvæði er veitir börnum þriggja mánaða gjaldfrjálsa dvöl á félagsmiðstöð. Framangreint er til samræmis við breytingu á reglum um frístundaheimili en sú breyting er byggð á fyrri samþykkt borgarráðs frá 10. nóvember 2016 um undanþágu frá greiðslum á frístund fyrir börn sem eru nýflutt til landsins og eru með annað móðurmál en íslensku. Þegar hefur verið gert ráð fyrir þeim auka kostnaði sem breytingin leiðir af sér.

Breyting varðandi þrjár vikur án endurgjalds í sumarstarfi:

Í 3. mgr. í gr. 6.d er fjallað um þrjár vikur án endurgjalds í sumarstarfi fyrir börn sem búið hafa á Íslandi skemur en tvö ár og eiga foreldra af erlendum uppruna. Þar er verið að samræma forsendur og orðalag fyrir niðurfellingu gjalda í vetrar og sumarstarfi. Ákvarðanir um þessar niðurfellingar voru teknar í tvennu lagi og verklagið hefur verið flókið. Samhliða þessari breytingu verður útbúið eitt eyðublað fyrir umsókn um niðurfellingu hvort sem er fyrir sumarstarf eða vetrarstarf. Breytingin felur í sér að fyrri forsendur sem gerðu ráð fyrir að börn hefðu flutt til Íslands síðastliðin tvö ár til að fá afslátt í sumarstarfi en eitt ár í vetrarstarfi, verði breytt og lagt til að í báðum tilfellum verði miðað við 12 mánuði.

Breyting varðandi niðurfellingar gjaldtöku vegna vinnuskóla:



Lagt er til að gjaldtaka í sumarstarfi sértækra félagsmiðstöðva fellur niður þær vikur sem unglingar í 8.-10. bekk eru skráðir í Vinnuskóla Reykjavíkur. Framkvæmdin hefur verið með þessum hætti en með þessari breytingu væri reglan sett inn í reglurnar í fyrsta sinn.

Breyting varðandi fjölskyldunúmer

Með lögum nr. 140/2019 um skráningu einstaklinga var hugtakinu fjölskyldunúmer breytt í lögheimilistengsl. Samkvæmt lögunum er lögheimilistengsl skilgreint sem auðkennisnúmer fyrir þá einingu í þjóðskrá sem tilgreinir sameiginlegt lögheimili ákveðins hóps einstaklinga.

Tilvísun í lög

Í 2. mgr. 11. gr. er bætt við tilvísun í lög um persónuvernd, lög um grunnskóla og lög um samþætta þjónustu.

Kostnaðarmat:

Að breyta opnunartíma á sumrin í sértæku félagsmiðstöðvunum Hofi, Helli og Höll í kl. 8:30-16:30, þ.e. 8 klst. í stað þess að bjóða upp á viðbótarstundir kl. 8/9-16/17 er hagræðing upp á kr. 5.200.000.

Að loka í fjórar vikur í staðinn fyrir þrjár á sumrin í sértæku félagsmiðstöðvunum Hofi, Helli og Höll er hagræðing upp á kr. 6.100.000.

Að breyta opnunartímanum á sumrin í Guluhlíð og Öskju, frístundastarfi fyrir börn í Klettaskóla í kl. 8:30-16:30, þ.e. 8 klst. í stað þess að bjóða upp á viðbótarstundir kl. 8/9-16/17 er hagræðing upp á kr. 12.600.000.